



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins í borgarráði um samræmdar skólasóknarreglur

Á fundi borgarráðs 2. febrúar 2023, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins:

Samræmdar skólasóknarreglur eða miðlægt viðmiðunarkerfi hefur nú verið við lýði í nokkur ár og er hugsað til að greina á milli ástæðu fjarvista. Ekki hafa allir skólar þó stuðst við kerfið. Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir upplýsingum um hvernig viðmiðin hafa nýst til að greina á milli ástæðu fjarvista? Einnig er spurt hvaða skólar nýta ekki þessi viðmið og rök þeirra fyrir því? Árið 2015 tóku grunnskólar Breiðholts í notkun samræmt skólasóknarkerfi (samræmdar viðmiðunarreglur) í 1.-10. bekk til að fylgjast með fjölda mála af þessum toga og vinna markvisst gegn skólaforðun. Nokkru síðar var hvatt til þess að önnur hverfi borgarinnar gerðu slíkt hið sama. Um var að ræða viðmiðunarkerfi sem sýndi „hættumerki“, s.s. „rauð flögg“, þegar skólasókn færi niður fyrir ákveðin skilgreind viðmiðunarmörk. Í kerfinu er ekki gerður greinarmunur á ástæðu fjarveru, vegna leyfa, veikinda eða óleyfilegra fjarvista sem kann að vera m.a. ástæða þess að ekki allir skólar hafa viljað nota viðmiðin.

Svar:

Sendar voru spurningar til fulltrúa allra 38 grunnskóla borgarinnar í spurningavagni í febrúar 2023. Fyrirlögnin var fyrsta skrefið í að halda utan um þennan málaflokk og meta hvaða upplýsingum miðlæg skrifstofa skóla- og frístundasviðs þarf á að halda varðandi skólasókn og mögulegan skólasóknarvanda nemenda til að geta brugðist við á viðeigandi hátt.

Spurt var hvort foreldrar átti sig almennt á mikilvægi góðrar skólasóknar og hvort viðkomandi skóli hefði boðið foreldrum eða forsjáraðilum upp á fræðslu um mikilvægi góðrar skólasóknar. Einnig var spurt um þekkingu skólastjórnenda á samræmdum verklagsreglum skóla- og frístundasviðs um skólasókn, hvernig nógildandi reglur hefðu nýst og hvort skólasókn væri vandi í viðkomandi skóla og þá hversu mikill. Jafnframt var spurt um hvernig viðmiðunarreglur um skólasókn hefðu nýst til að bæta skólasókn nemenda og hvernig einstakir þættir í vinnuferlinu hefðu nýst, s.s. samstarf við Miðstöð, samstarf við Barnavernd og skólaforðunarteymi Miðstöðvar. Að lokum gátu skólastjórnendur komið með ábendingar um viðmiðunarreglurnar um skólasókn og/eða nýtingu þeirra.

Í svörum skólastjórnenda kemur fram að þeir telja að foreldrar átti sig almennt vel á mikilvægi góðrar skólasóknar en að fáir skólar hafa boðið foreldrum upp á fræðslu um mikilvægi góðrar skólasóknar. Mikill meirihluti skólastjórnenda þekkir samræmdar viðmiðunarreglur skóla- og frístundasviðs um skólasókn og segist nýta þær í skólastarfinu. Flestir skólastjórnendur virðast ekki telja skólaforðun vera stórt vandamál í sínum skóla.



Skólastjórnendur eru almennt sammála um að samræmdu viðmiðunarreglurnar um skólasókn nýtist vel til að fylgjast með fjölda nemenda sem glíma við skólaforðun og meirihluti skólastjórnenda telur samræmdu viðmiðunarreglurnar nýtast vel til að bæta skólasókn nemenda. Misjafnt er hvenær skólastjórnendur stíga inn í skólaforðunarmál nemenda en algengast er að það sé gert á 3. þrepi viðmiðunarreglnanna. Upplifun skólastjórnenda af samstarfi við Miðstöð vegna mála á 4. þrepi er almennt jákvæð en að jafnaði er upplifun stjórnenda af samstarfi við Barnavernd frekar hlutlaus. Meirihluti skólastjórnenda virðist ekki eiga fulltrúa í skólaforðunarteymi Miðstöðvar.

Í opnum svörum í lok könnunarinnar nefndu nokkrir skólastjórnendur að til bóta væri að hafa samræmd viðmið um skólasókn í borginni allri en bentu á að huga þyrfti að ýmsum þáttum eins og að skoða þyrfti hvert tilvik og að í sérstökum aðstæðum eins og flensufaraldri væru 5 veikindadagar fljótir að telja en það er viðmið um hvenær skóli á að hafa samband við foreldra vegna skólasóknar nemenda. Einnig var nefnt að erfitt væri fyrir skóla að neita foreldrum um leyfi eða undanþágu nemenda frá skólasókn. Bent var á að úrræði vanti fyrir nemendur með kvíða og fyrir nemendur í fíknivanda sem oft eiga við skólaforðunarvanda að stríða. Jafnframt var því velt upp hvort viðmiðunarreglurnar muni taka breytingum með innleiðingu farsældarlaganna og verkefnisins BBB í borginni.

Í framhaldi af þessari fyrstu fyrirlögn var tekin var ákvörðun um að safna miðlægt upplýsingum um fjölda barna sem vegna fjölda fjarvistarstiga eru á þrepi 4 og þrepi 5. Hafa ber í huga að veikinda og leyfis dagar gefa ekki fjarvistarstig og telja því ekki þarna inn. Því er hugsanlegt að einhver börn myndu lenda á þrepi 4 eða þrepi 5 vegna fjölda veikinda eða leyfis daga sem eru ekki inn í þessari samantekt. Þessi leið var farin vegna þess að það er auðvelt fyrir skólana að nálgast þessar tölur og senda okkur á samræmdu formi, en skrifstofa sviðsins hefur ekki aðgang að ástundunarhluta Mentor. Unnið er að því að finna leið til að halda miðlægt utan um fjölda veikinda og leyfis daga sem fallið geta undir skólaforðun. Hver og einn skóli fylgist þó með fjölda veikinda og leyfis daga og er ábyrgur fyrir því að grípa inn í samkvæmt samræmdum verklagsreglum ef þurfa þykir.

Svör bárust frá öllum 36 almennu grunnskólunum. Fjöldi barna á þrepi 4 (með 40-60 fjarvistarstig) reyndist vera á bilinu 0 til 46 eftir skólum. Meðaltal reyndist vera 13,4 og miðgildi 10. Þegar tekið er mið af nemendafjölda reyndist hlutfall nemenda sem voru með 40 til 60 fjarvistarstig vera á bilinu 0 til 8,9% eftir skólum. Að meðaltali er hlutfall nemenda sem eru á þrepi 4 vegna fjölda fjarvistarstiga um 4,4%.

Fjöldi barna á þrepi 5 (með 60 eða hærri fjarvistarstig) reyndist vera á bilinu 0 til 97. Meðaltal reyndist vera 20 og miðgildi 10. Þegar tekið er mið af nemendafjölda reyndust hlutföll nemenda sem voru með 60 eða fleiri fjarvistarstig vera á bilinu 0 til 22 %. Að meðaltali er hlutfall nemenda sem eru á 5. þrepi vegna fjölda fjarvistarstiga um 3,1%.

Meðfylgjandi er mynd sem sýnir þrepa skiptinguna samkvæmt samræmdum verklagsreglum skóla- og frístundasviðs um skólasókn:



Með ferlinu er tryggt að leitað sé skýringa á því af hverju barn er ekki að mæta í skólann en ástæðurnar geta verið fjölmargar og einstaklingsbundnar og leitað leiða til að bæta skólasókn viðkomandi barns.